

Katrín Stella Briem

Katrín Stella hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir Fák í tugi ára. Hún sat í stjórn Fáks um tíma og var mikil baráttukona fyrir kvennadeildina. Hún er einstaklega ósérhlífin og var alltaf boðin og búin til rétta fram aðstoð sína í þágu félagsins hvort sem það var að mála grindverk, baka köku eða vinna að málefnum félagssins. Hún er enn að en hún hefur verið að aðstoða við gerð nýs viðhafnarfána fyrir félagið sem var vígður í nóvember 2012 á afmælisfagnaði Fáks.

Katrín Stella Briem er dæmi um fyrirmyndarfélaga sem vinnur í sjálboðavinnu og óeigingjarnt starf fyrir sitt félag og hestamenn á landsvísu og er því verðugur fulltrúi.